

Ár 2007, miðvikudaginn 19. desember, var af Yfirfasteignamatnefnd í málinu nr. 8/2007 kveðinn upp svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR

Með bréfi, dagsettu 24. október 2007 og undirrituðu af Önnu Birnu Halldórsdóttur, kærir Fangelsismálastofnun ríkisins ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar um álagningu fasteignaskatts á fasteignina Litla-Hraun fangelsi, fastanúmer 220-0226, samkvæmt c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

Í kærubréfi segir:

„Með tölvupósti, sendum 5. mars og 2. október 2007, til sveitarfélagsins Árborgar óskaði Fangelsismálastofnun ríkisins eftir að skattlagningarflokki fasteignagjalds á fangelsið Litla-Hrauni yrði breytt.

Með bréfi Árborgar, dags. 5. október 2007, var lækun fasteignagjalds hafnað með vísan til þess að fangelsi falli ekki undir þær stofnanir sem tilgreindar séu í b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna. Jafnframt var tilkynnt um heimild til að skjóta ágreiningi um gjaldskyldu til yfirfasteignamatnefndar.

Í dag ber fangelsið Litla-Hrauni fasteignagjöld eins og um atvinnuhúsnæði sé að ræða, sbr. c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Að mati Fangelsismálastofnunar er fangelsið sambærilegt við t.d. vistheimili og heimavistir, sbr. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna. Kópavogsbær féllst á þetta sjónarmið stofnunarinnar í vor og lækkaði fasteignagjöldin af fangelsinu Kópavogsbraut. Þá eru fasteignagjöld af Hegningarhúsinu til athugunar hjá Reykjavíkurborg.

Með vísan til framangreinds fer Fangelsismálastofnun hér með fram á að yfirfasteignamatnefnd endurskoði ákvörðun Árborgar.“

Yfirfasteignamatnefnd óskaði með bréfi, dagsettu 1. nóvember 2007, eftir umsögn Sveitarfélagsins Árborgar. Umsögn sveitarfélagsins barst með bréfi dagsettu 11. nóvember 2007. Í bréfinu segir:

„Lagt er á eignir ríkisins að Litla-Hrauni samkvæmt c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. sem fjallar um skatthlutfall fasteignaskatts er þannig upp byggt að í a-lið eru taldar upp þær eignir sem falla í lægsta skattþrepið. Eru þar taldar upp nokkrar tegundir fasteigna, þ.á m. íbúðarhús, jarðeignir o.fl. Í b-lið ákvæðisins eru taldar upp eftirfarandi eignir: Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn. Á þessar eignir skal leggja 1,32% fasteignaskatt. Loks er í c-lið ákvæðisins kveðið á um að heimilt sé að leggja allt að 1,32% fasteignaskatt á allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem eru nýtt fyrir ferðaþjónustu. Þá er skv. 4. mgr. heimilt að hækka um allt að 25% þá sem tilgreindir eru í a- og c-liðum 2. mgr. 3. gr. Loks er í VIII. bráðabirgða ákvæði laganna kveðið á um að þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna skuli álagningarhlutfall samkvæmt þeim lið vera 0,44% af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007. Í samræmi við þetta var álagning fasteignaskatts á eignir að Litla-Hrauni 0,88% fyrir þetta ár.

Framangreindar eignir að Litla-Hrauni eru felldar undir c-lið 3. mgr. 3. gr. laganna þar sem ekki verður séð að eignirnar geti fallið undir aðra liði ákvæðisins. Líta verður á þá upptalningu á tegundum fasteigna sem er í a- og b-lið 3. mgr. 3. gr. sem tæmandi talningu þeirra eigna sem þar falla undir, enda eru þær eignir sem þar eru tilgreindar ekki nefndar í dæmaskyni eða til skýringar. Orðalag c-liðar 3. mgr. 3. gr. þar sem segir "allar aðrar fasteignir" þykir staðfesta það enn frekar að í a- og b-lið sé um tæmandi talningu að ræða.

Í erindi Fangelsismálastofnunar til sveitarfélagsins, þar sem farið var fram á endurskoðun álagningar fasteignaskatts á fangelsið, var óskað eftir að fangelsið yrði flokkað líkt og spítalar og önnur vistheimili. Var því hafnað þar sem fangelsið teldist ekki til sjúkrastofnana svo sem þær eru nú skilgreindar í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, né heldur undir skilgreiningar eldri laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990. Í kæru Fangelsismálastofnunar sem til umfjöllunar er nú er þess farið á leit að fangelsið verði metið sambærilegt við vistheimili og heimavistir, sbr. b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna. Í b-lið 3. mgr. 3. gr. er ekki fjallað um vistheimili og ekki er ljóst við hvers konar stofnun er átt í bréfi Fangelsismálastofnunar. Í lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992 er fjallað um vistheimili fyrir fatlaða og í barnaverndarlögum nr. 180/2002 er fjallað um vistheimili sem barnaverndarnefndir reka. Hvorugt fellur undir b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995. Í b-lið 3. mgr. 3. gr. eru heimavistir tilgreindar sem ein tegund fasteigna sem leggja skal á 1,32% fasteignaskatt. Í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 140/2005 er gerð grein fyrir sjónarmiðum sem bjuggu að baki því að felld voru úr lögum ákvæði um að skólar og heimavistir skyldu vera undanþegnar fasteignaskatti. Segir þar m.a. að af hálfu sveitarfélaga hafi því ítrekað verið lýst yfir að óviðunandi sé að sveitarfélögin séu með óbeinum hætti að taka þátt í kostnaði við rekstur framhaldsskólanna með því að undanþiggja þær byggingar fasteignaskatti, auk þess sem bent hafi verið á þá meginreglu að allur rekstrarkostnaður opinberra stofnana eigi að vera sýnilegur. Er tekið fram að í frumvarpinu sé fallist á þessi sjónarmið.

Með vísan til alls framanritaðs er því alfarið hafnað af hálfu Sveitarfélagsins Árborgar að álagning fasteignaskatts á fasteignir ríkisins að Litla-Hrauni verði skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995. Er sérstaklega vísað til þess að í a- og b-lið 3. mgr. 3. gr. laganna eru taldar með tæmandi hætti þær fasteignir sem þar falla undir. Fasteignir fangelsisins falla ekki undir þá upptalningu. Einnig er vísað til þess sem segir hér að framan um meginregluna um sýnileika rekstrarkostnaðar opinberra stofnana sem fallist var á með samþykkt laganna.“

Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar var send kæranda til kynningar með bréfi, dagsettu 15. nóvember 2007 og gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Athugasemdir hafa ekki borist frá kæranda.

## Niðurstaða.

Kærandi gerir þá kröfu að fasteignin Litla-Hraun, Árborg, fastanúmer 220-0226, skuli skattlögð skv. b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 í stað c-liðar sem ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar byggir á.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. lög nr. 140/2005, er fasteignum skipt í þrjá gjaldflokka við álagningu fasteignaskatts. Af fasteignum sem falla undir upptalningu í a-lið ákvæðisins skal skatturinn vera allt að 0,5% af álagningarstofni, samkvæmt b-lið 1,32% og samkvæmt c-lið allt að 1,32%.

Fasteignir sem falla undir a-lið ákvæðisins eru:

„Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum, sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.“

Fasteignir sem falla undir b-lið ákvæðisins eru:

„Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.“

Undir c-lið falla allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

Samkvæmt bráðabirgðaákvæði VIII. í lögum nr. 4/1994, sbr. lög nr. 140/2005, skal þrátt fyrir ákvæði b-liðar 3. mgr. 3. gr. laganna álagningarhlutfall samkvæmt þeim lið vera 0,44% af fasteignamati árið 2006 og 0,88% árið 2007.

Samkvæmt skránni Fasteignamats ríkisins er fasteignin Litla-Hraun fangelsi, fastanúmer 220-0226, skráð eign Ríkissjóðs Íslands en skráður umráðandi er Fangelsið Litla-Hrauni.

Álitaefnið í kærumáli þessu er hvort fasteignin, Litla-Hraun fangelsi, skuli falla undir b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga eða c-lið 3. mgr. 3. gr. sem ákvörðun Sveitarfélagsins Árborgar byggir á. Þær eignir sem tilgreindar eru í b-lið 3. mgr. 3. gr. eru sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

Í rökstuðningi með kæru er vitnað til þess að fangelsið sé sambærilegt við t.d. vistheimili og heimavistir. Fyrir breytingu sem varð á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með lögum nr. 140/2005 voru þær eignir sem upp eru taldar í b-lið 3. mgr. 3. gr. undanþegnar greiðslu fasteignaskatts samkvæmt 5. gr. laganna. Fasteignir sem taldar voru upp í 5. gr. og undanþegnar fasteignaskatti voru þar tæmandi taldar. Þegar litið er til tengsla b-liðar 3. mgr. 3. gr. og undanþáguákvæðis 5. gr. verður að álykta að í b-lið 3. mgr. 3. gr. felist einnig tæmandi upptalning og að ákvæðið beri að skýra þröngt. Að mati Yfirfasteignamatsnefndar fellur fasteignin Litla-Hraun fangelsi ekki undir fasteignir sem taldar eru upp í b-lið. Löggjöfnun frá ákvæðinu er ekki tæk. Ekki er því unnt að fallast á kröfu kæranda um breytingu á gjaldflokki. Um álagningu fasteignaskatts skal fara eftir c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995.

### Úrskurðarorð

Fasteignin Litla-Hraun fangelsi, fastanúmer 220-0226, skal vera skattlögð samkvæmt c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

---

Pétur Stefánsson

---

Guðný Björnsdóttir

---

Friðrik Már Baldursson